

Dags:
11.11.23

VERÐLAGNING Á DÚFUM

Útgáfa 3

Markmið / tilgangur:

Að tryggja einfalt, áreiðanlegt, umhalds- og viðhaldslítið kerfi til að halda reiðu á notkun á leirdúfum á öllum fjórum skotvöllum Iðavalla. Tryggja sanngjarna verðlagningu félagsmanna eftir framlagi þeirra til félagsins.

Ábyrgðarmenn:

Formaður

Lýsing:

- 1. Almennir félagsmenn SÍH: 25 dúfur fyrir 700 kr, eða verð á dúfu 28 kr.**
Jafngildir 500 dúfum fyrir 14.000kr. Félagsmenn sem vilja njóta bestu kjara kaupa kort og kaupa síðan áfyllingu fyrir lágmark 14.000 kr. hverju sinni.
- 2. Æfingastjórar: 27,8 dúfur fyrir 700 kr. eða verð á dúfu 25,2 kr.**
Eins og aðrir félagsmenn kaupa æfingastjórar kort og kaupa síðan áfyllingu fyrir 14.000 kr. Þetta jafngildir 555 dúfum fyrir 14.000 kr.
- 3. Keppnismenn: 31,25 dúfur fyrir 700 kr. eða verð á dúfu 22,4 kr.**
Eins og aðrir félagsmenn kaupa keppnismenn kort og kaupa síðan áfyllingu fyrir 14.000 kr. Þetta jafngildir 625 dúfum fyrir 14.000 kr.
Þegar keppnismaður fullnægir ekki skilyrðum keppnismanna samkvæmt verklagsreglu eða hætta að gegna trúnaðarstörfum kaupir viðkomandi dúfur á kjörum samkvæmt lið 1 eða 2.
- 4. Stjórnar- og nefndarmenn:**
Virkir stjórnar- og nefndarmenn sem koma af áhuga að daglegri starfsemi SÍH njóta sömu kjara og keppnismenn.
- 5. Utanfélagsmenn: Verð á dúfu 48 kr.**
Utanfélagsmenn koma og fá lánað kort og leggja bíllykla eða ökuskírteini sem tryggingu fyrir skilum á kortinu og kaupa dúfur fyrir daginn. Þegar kortinu er skilað fæst tryggingin til baka. Kort fyrir utanfélagsmenn skal merkja sérstaklega og vista í peningaskáp á milli æfinga.
Utanfélagsmenn og félagsmenn sem ekki vilja nýta bestu kjör geta keypt 1 til 3 hringi í senn og greiða 1.200 kr. fyrir hringinn og þá eingöngu á kort merkt „utanfélagsmenn“ .
- 6. Almennt.**
Eitt stjórnendakort skal liggja í peningaskáp á milli æfinga fyrir æfingastjóra að ræsa kerfið.